

Sp.

41. Fyrirspurnir.

[37. mál]

I. Til raforkumálaráðherra um lagningu rafstrengs til Vestmannaeyja.

Frá Karli Guðjónssyni, Ágúst Þorvaldssyni
og Birni Fr. Björnssyni.

Hvað veldur því, að rafstrengur hefur enn ekki verið lagður frá orkuveitum ríkisins til Vestmannaeyja, þótt rafvæðingaráætlunin geri ráð fyrir lagningu hans 1960 og ráðherra upplýsti í fyrrahaust, að öllum tækniundirbúningi væri lokið og lögn sæstrengsins mundi fara fram síðari hluta júlímánaðar 1961?

II. Til viðskiptamálaráðherra um hækkun framfærsluvísitölu.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvað er gert ráð fyrir, að framfærsluvísitalan hækki mikið frá því, sem hún var í júnímánuði s. l., þegar full áhrif allra þeirra verðhækkana, sem nú er vitað um, eru komin fram?

Hvernig skiptist þessi hækkun:

- a. Vegna kauphækkana?
- b. Vegna gengislækkunarinnar síðustu?
- c. Vegna hækkaðrar álagningar, sem leyfð hefur verið á vörur og þjónustu?
- d. Af öðrum ástæðum og þá hverjum?